

afhendingar þar, sem þær eiga að lenda, þegar skipið kemur þangað; en hinum sendingum skal koma með landpóstum.

127

14. nóv.

— Brjef landshöfðingja til bœjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á **128**
ofheimtuðum tolli. — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra bœjarfó-
geti, skýrt frá, að með póstgufuskipinu Arktúrusi basi í síðstu ferð þess komið bingað til
faktors Chr. Zimsens 80 fl. af víni, er á vöruskrá skipsins frá 27. sept. þ. á. hafi verið
talið «portvin» og «sherry». Hafið þjer því heimtað 30 aura toll af öllum þessum vínþöngum,
samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á., en síðan hafið þjer komið að raun um, að ekki hafi
verið sherry nema í 30 fl. og rauðavin í hinum 50, og hafi eptir því verið heimtað 7 kr.
50 aur. of mikil í tolli. Hafið þjer ætlað, að þjer hefðuð ekki vald til að skila sje þessu
aptur, og fyrir því mælt til, að jeg samþykkti endurgreiðslu þess.

14. nóv.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að beri svo til, er lögreglustjóri rann-
sakar binar tollskyldu vörur, að honum reynist missagt til þeirra í tollseðli skipsins eða
farmaskrá, mun ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt 2. gr. laganna frá 11. febr. þ. á., að
hann lagföri tollheimtu sína samkvæmt því, sem sannazt hefir, og láti hann vottord sitt
um það fylgja tollreikningnum. Fyrir því mun bœjarfógetanum heimilt að endurgreiða Chr.
Zimsen verzlunarstjóra þær 7 kr. 50 aura, er hann hefir ofheimtað í tolli, og telja sje þetta
með útgjöldum í tollreikningnum, sannizt það, að það hafi verið rangtekið, og verði vott-
ord lögreglustjóra látið fylgja reikningnum.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnvatnssýslu um breytingu **129**
á dýrleika jarðar. — Með þóknanlegu brjefi 2. f. m. hafið þjer, herra
sýslumaður, sent bingað bónarbrjef Gísla B. Hjálmarssonar á Æsustöðum, þar sem hann
fer þess á leit, að jörð þessi, er orðið hefir fyrir miklum skemmdum síðan hið nýja jarða-
mat fór fram, verði færð niður að hundraðatali, og spryjið þjer, hverja aðferð hafa þursi
til þess að fá hundraðatal jarðarinnar leiðrjett.

14. nóv.

Út af þessu verð jeg að leiða athygli yðar að því, að dýrleika þeim, sem ákvæðinn er
í jarðabókinni frá 1861, verður ekki breytt nema með samþykki löggjafarvaldsins, og skal
yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að framkvæmdar-
valdinu muni varla þykja ástœða til að stinga upp á því, að farið verði að breyta dýrleika
einnar jarðar, nema því að eins, að það sannist með löglegri skoðunargjörd, að jörðin hafi
gengið mjög mikil úr sjer, og það því síður, sem ætla má að eigi verði langt að biða
gjörsamlegrar endurskoðunar á öllu jarðamatinu.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um **130**
skiptingu Bjarnanesshrepps í two hreppa. — Með þóknanlegu brjefi frá
25. f. m. hafið þjer, herra amtmáður, sent mjer bónarbrjef hreppsnefndarinnar í Bjarna-
nesshreppi, um, að hreppi þessum, sem tekur yfir 3 kirkjusóknir, Bjarnaness, Hoffells og Ein-
holts, sje skipt í 2 hreppa, og verði Einholtsókn hreppur útfyr sig, en Bjarnanes-
sókn og Hoffellssókn einn hreppur. Sýslunefndin í Skaptafelssýslu hefir mælt með þessari
beiðni, og þjer, herra amtmáður, samkvæmt þessum meðmælum lagt það til, að skiptingin
verði samþykkt. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að Bjarnanesshreppur hafi að undansfornu